

Garðabær á samfélagsmiðlum

Móttakandi: Bæjarráð Garðabæjar
Varðandi: Notkun Garðabæjar á samfélagsmiðlum

Nr. erindis 1602261
Dags.: 12. febrúar 2016
Málefni: Samfélagsmiðlar

Garðabær rekur í dag facebook síðu en hefur ekki farið enn sem komið er ekki farið inn á aðra samfélagsmiðla. Á námskeiði sem upplýsingastjóri sótt nýlega á vegum Vefakademiunnar var staðfest að facebook er langstærsti samfélagsmiðillinn í dag. Samkvæmt könnun Gallup frá seinni hluta síðasta árs voru 89% aðspurðra á facebook og er það fólk á öllum aldri. Af þeim sem nota facebook segjast 92% nota hana 4-6 sinnum í viku eða oftar (53% sögðust nota hana oft á dag, sjá fylgiskjal).

Sá miðill sem kemst næst facebook hvað varðar notkun skv. könnun Gallup er Snapchat sem 46% aðspurðra nota, Instagram kemur þar á eftir (31%) og 16% segjast nota twitter.

Facebook er einnig sá samfélagsmiðill sem hefur þróað fullkomnasta auglýsingakerfið og má halda því fram að facebook sé öflugasti auglýsingamiðillinn sem hægt er að nota í dag, að hefðbundnum fjölmiðlum meðtöldum.

Garðabær á facebook

Upplýsingadeild Garðabæjar póstar reglulega á facebook síðu bæjarins og fylgist einnig með umræðum á sjálfsprottnu facebook-hópunum Garðabær-íbúar og íbúar Álfthaness þótt þeir séu á engan hátt á vegum bæjarins. Þar hafa starfsmenn gripið inn í umræðuna ef fram koma beinar staðreyndavillur eða fyrirspurnir til bæjarins.

Ljóst er að hægt er að nýta facebook á markvissari hátt en við höfum gert hingað til með því að nota möguleikann á að borga fyrir birtingar. Þannig er hægt að ná til margra á einfaldan hátt með litlum tilkostnaði. Eftir námskeiðið hafa verið gerðar tilraunir sem hafa m.a. skilað sér í því að fylgjendum síðunnar hefur fjölgað um hátt í 500 á rúmri viku. Kostnaðurinn við þá herferð er aðeins um 12 þúsund krónur. Með því að leggja vinnu í að laga alla pósta að eðli facebook, líka þá sem ekki er greitt fyrir, er einnig hægt að auka líkurnar á að þeir nái meiri útbreiðslu eins og við erum þegar farin að sjá.

Höfuðborgarsvæðið

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru almennt í svipuðum sporum og Garðabær. Hjá Hafnarfjarðarbæ var gerð tilraun með instragram síðu en þeim aðgangi hefur verið lokað. Sama gildir um twitter aðgang sem Hafnarfjörður rak um tíma. Reykjavíkurborg heldur úti instragram síðu en fylgjendur hennar eru fáir og aðeins rúmlega eitt þúsund manns fylgjast með Reykjavíkurborg á twitter. Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Kópavogur eru á facebook eins og Garðabær og Hafnarfjörður.

Innri vefur starfsmanna

Á árinu 2015 lauk stóru verkefni á vegum upplýsinga- og tölvudeildar sem var uppsetning og innleiðing á nýjum innri vef starfsmanna, þar sem farin var sú leið að persónugera vefinn að hluta með því að tengja hann við starfsmannaskrána. Meiri vinna er þó eftir við að kynna vefinn markvisst og sýna starfsfólki fram á þá hagræðingu sem honum getur fylgt.

Verkefni framundan

Næsta stóra verkefni er að endurhanna ytri vefi Garðabæjar, þ.e. gardabaer.is og vef annarra stofnana, þ.m.t. grunnskóla, leikskóla, bókasafns og tónlistarskóla, og gera þá skalanlega til notkunar í ólíkum snjalltækjum. Þetta verður gert í kjölfar þarfagreiningar sem stefnt er að, að ljúka fyrir vorið. Þróunin á opinberum vefjum í dag er að draga úr vægi „frétta“, einfalda hönnunina og bæta aðgengi að upplýsingum um þjónustuna með öflugum leitarvélum.

Upplýsingadeild mun á árinu 2016 einnig halda áfram að fylgjast með þróun á notkun samfélagsmiðla og leggja áherslu á markvissari notkun á facebook. Á þessum tímapunkti er það mat upplýsingastjóra að það sé ekki forgangsatriði að gera Garðabæ sýnilegan á fleiri miðlum. Rétt er að hafa í huga að ætli Garðabær að hasla sér völl á fleiri samfélagsmiðlum er nauðsynlegt að til þess verði vandað. Bestur árangur næst ef sérstaða hvers miðils er nýtt og efnið unnið sérstaklega fyrir hvern miðil. Þetta krefst tíma og vinnu starfsmanna. Í því samhengi má benda á að hjá Garðabæ er ekki til sérstakt stöðugildi vefstjóra eins og hjá öðrum stærri sveitarfélögum.

Aðrir möguleikar

Í umræðunni hefur einnig verið að skoða möguleikann á Garðabæjarappi þar sem gönguleiðir og útivistarsvæði Garðabæjar verða kynnt. Einnig er áhugavert að skoða sérstakt starfsmannaapp þar sem hægt er að nálgast upplýsingar af innri vef bæjarins. Þróun og gerð „appa“ er hins vegar kostnaðarsöm þar sem nauðsynlegt er að forrita þau fyrir mismunandi stýrikerfi. Hér verður að vega og meta kosti og forgangsraða verkefnum í samræmi við fjárveitingar og mannskap.

Meðfylgjandi glærur eru frá Margeiri Steinari Ingólfssyni (DJ Margeir) sem var leiðbeinandi á námskeiði Vefakademíunnar, Samfélagsmiðlun sem virkar.

Virðingarfyllt
Guðfinna B. Kristjánsdóttir
upplýsingastjóri